



28. október 2021  
Tilv.: 2110104

Dreifibréf nr. 61/2021  
til greiðsluþjónustuveitanda og  
Samtaka fjármálafyrirtækja

*Efni:* Viðmiðunarreglur EBA varðandi skýrslur um sviksemi í greiðsluþjónustu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi skýrslur um sviksemi í greiðsluþjónustu (EBA/GL/2018/05 og EBA/GL/2020/01), sbr. 6. mgr. 96. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 (PSD2 tilskipunin), sem greiðsluþjónustuveitendur, aðrir en reikningsupplýsingaþjónustuveitendur, þurfa að skila eftirlitsyfirvöldum.<sup>1</sup>

Með nýjum lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, sem taka gildi 1. nóvember 2021, verður PSD2 tilskipunin innleidd hér á landi. Viðmiðunarreglurnar útfæra nánar 6. mgr. 96. gr. tilskipunarinnar sem innleidd er í 6. mgr. 100. gr. laga nr. 114/2021. Þar segir að greiðsluþjónustuveitandi skuli a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) tölfræðilegar upplýsingar um svik í tengslum við þá greiðslumiðla sem greiðsluþjónustuveitandinn meðhöndlar. Einnig skuli Fjármálaeftirlitið veita EBA og Seðlabanka Evrópu samantekt út gögnunum.

Viðmiðunarreglurnar EBA/GL/2018/05 voru uppfærðar með EBA/GL/2020/01. Í þeim koma fram upplýsingar um innihald skýrslna, form skýrslna og tíðni skýrsluskila. Skýrslurnar eru brotnar niður á mismunandi form greiðslna sem greiðsluþjónustuveitendur bjóða upp á. Loks kveða viðmiðunarreglurnar á um gögn sem Fjármálaeftirlitið skal vinna úr gögnunum frá greiðsluþjónustuveitendum og skila til EBA og Evrópska Seðlabankans.

Viðmiðunarreglur EBA/2018/05, með breytingum sem leiða af EBA/GL/2020/01, eru aðgengilegar [hér](#).

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska

---

<sup>1</sup> Guidelines on fraud reporting under PSD2.

fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlitið beinir því til greiðsluþjónustuveitenda að kynna sér ofangreindar viðmiðunarreglur, EBA/GL/2018/05, sbr. EBA/GL/2020/01, og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá og með 1. nóvember 2021. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar við mat á því hvort framangreindir aðilar fullnægi kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan.

Tilhögun og framkvæmd gagnaskila samkvæmt viðmiðunarreglunum verður nánar tilkynnt síðar.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson  
framkvæmdastjóri  
bankar



Hjálmur Nordal  
forstöðumaður  
bankar

